

Sky L.O. 162, þar með taldir dragstrengir, skulu upp-
tæk og andvirði þeirra renna í landhelgisjóð Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1938.

Nr. 5/1938. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæj-
arsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Dæmt um skyldu dvalarsveitar giftrar konu til að
greiða meðlag með óskilgetnu barni hennar.

Dómur hæstaréttar.

Lyktir máls þessa varða bæjarsjóð Reykjavíkur
lagalega, með því að barnsfaðir sá, Erlendur Er-
lendsson, er í málinu getur, á þar framfærslusveit,
sbr. 58. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935. Hefir
borgarstjórinn í Reykjavík þess vegna skotið málinu
hingað til dómsins með stefnu 10. janúar þ. á. og
krafizt þess, að stefndur í héraði, bæjarstjórinn í
Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, verði í málinu
algerlega sýknaður af kröfum stefndu og að hún
verði dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað hér
fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir hins-
vegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði
staðfestur að því er tekur til greiðslu fúlgu úr bæj-
arsjóði Vestmannaeyja með barninu Hjörleifi Má
Erlendssyni um tímabilið frá 13. apríl 1937 til 13.
október s. á., að málskostnaðarákvæði héraðsdóms-
ins verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til

að greiða henni málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir stefnt bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs hingað fyrir dóm til þess að gæta réttar síns, en án þess að gera nokkrar sérstakar kröfur á hendur honum. Af hendi nefnds bæjarstjóra hafa engar kröfur verið gerðar hér fyrir dómi.

Það er ágreiningslaust í máli þessu, að eiginmaður stefndu, stjúpaðir barnsins Hjörleifs Mås, er þess ekki megnugur að framfæra barn þetta, og ber þess vegna samkvæmt lögum nr. 39/1935, 1. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 46 frá 1921, að taka kröfur stefndu í máli þessu til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi í héraði, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði stefndu hér fyrir dómi, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, meðlag með barni hennar, Hjörleifi Má Erlendsyni, um tímabilið frá 13. apríl 1937 til 13. október s. á. samkvæmt meðlagsúrskurðum, útgefnum af lögreglustjóranum í Reykjavík 8. júní 1929 og 28. janúar 1935.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h.

bæjarsjóðs, greiði stefndu, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. okt. 1937.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu dags. 12. maí 1937 af Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, Skólaveg 34 hér í bæ, gegn Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja til greiðslu á meðlögum með óskilgetnu barni stefnanda, Hjörleifi Má Erlendssyni, samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík dags. 8. júní 1929 með viðbótarúrskurði 28. janúar 1935. Þá hefir stefnandi og krafizt kr. 20.00 í málskostnað og 6% af síðustu meðlagsgreiðslu, kr. 200.00, frá $1\frac{3}{4}$ s. l. til greiðsludags.

Eru málavextir þeir, sem hér greinir:

Þann 13. október 1927 ól stefnandinn, Guðbjörg Oktavía Sigurðardóttir, óskilgetið barn, sem hlaut nafnið Hjörleifur Már. Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 9. marz 1928 var Erlendur Erlendsson, þá til heimilis Tjarnargötu 10 í Reykjavík, dæmdur faðir að barni þessu, og með úrskurði sama yfirvalds 8. júní 1929 var Erlendur Erlendsson skyldaður til að greiða meðlög með barninu, eins og hér segir:

Kr. 270.00 á ári frá fæðingu þess til fullnaðs 4 ára aldurs, kr. 215.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 9 ára aldurs barnsins og kr. 250.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 14 ára aldurs og kr. 60.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 16 ára aldurs barnsins, — og með viðbótarúrskurði dags. 28. janúar 1935 var hinum fyrra úrskurði breytt þannig, að fyrra tímabilið frá $1\frac{1}{2}$ 1934 til $1\frac{3}{10}$ sama ár var barnsfaðirinn skyldaður til að greiða með barninu hlutfallslega af kr. 320.00 á ári og kr. 320.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 9 ára aldurs og kr. 400.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 14 ára aldurs og kr. 200.00 á ári frá þeim tíma til fullnaðs 16 ára aldurs, — en meðlögin skyldi greiða hálfárslega fyrirfram, þann 13. apríl og 13. október ár hvert.

Nú greiddi barnsfaðirinn eigi meðlög þessi, og krafði

þá barnsmóðirin dvalarsveit sína, Vestmannaeyjakaupstað, um meðlögin, og fékk hún þau greidd úr bæjarsjóði hér allt til þess, að hún krafði um meðlög fyrir tímabilið 13. apríl til 13. október þ. á. En þá neitaði stefndur að greiða meðlagið samkvæmt fyrrnefndum úrskurði og færði fram þau rök fyrir neitun sinni, að dvalarsveit barnsmóðurinnar væri eigi skyld til að greiða meðlögin, með því að hún sé nú gift manni hér, og vitnar hann í því sambandi í hæstaréttardóm frá $\frac{1}{2}$ 1937 og analogiu 62. gr. framfærslulaganna 135/1935.

Það hefir verið árangurslaust leitað sátta í málinu.

Hæstaréttardómur sá, er stefndur vísar til, byggir á því, að stjúpaðir óskilgetins barns konu sinnar sé skyldur til að ala önn fyrir því, ef hann er þess megnugur, og geti konan í því tilfelli eigi krafði dvalarsveit sína um úrskurðuð meðlög. En í þessu máli er það upplýst og viðurkennt af stefndu, að stjúpaðirinn sé alls ekki fær um að sjá fyrir barninu án hjálpar, og er því í tilvitnuðum hæstaréttardómi ekkert komið inn á það atriði, sem deilt er um í þessu máli. Um analogiu frá 62. gr. framfærslulaganna er heldur ekki að ræða, þar sem svo ólíkt stendur á, að í þessu máli er deilt um rétt barnsmóður til að krefja dvalarsveit að barnsföðurnum lifandi, en greinin kveður á um rétt hennar að barnsföður látnum.

Samkvæmt framansögðu verður því rétturinn að fallast á, að mótbárur stefnds gegn greiðslu meðlaganna séu ekki á rökum byggðar, og stefnandi eigi samkv. 1. gr. laga 39/1935 að ganga að dvalarsveit sinni, Vestmannaeyjabæ, fyrir greiðslu á meðlögum samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík frá $\frac{1}{2}$ 1929 með breytingu $\frac{2}{4}$ 1935 með barninu Hjörleifi Má Erlendssyni.

Stefnandi hefir krafizt ársvaxta af kr. 200.00 frá $\frac{1}{4}$ s. l. til greiðsludags, og þykir verða að taka þá kröfu til greina, enda engum andmælum hreyft gegn henni af hálfu stefnds. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnandans um 20 króna greiðslu í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jóhann G. Ólafsson f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur, meðlög með barni hennar Hjörleifi Má

Erlendssyni samkvæmt meðlagsúrskurði lögreglustjórans í Reykjavík dagsett 8. júní 1929 með viðbótarúrskurði dagsett $2\frac{3}{4}$ 1935 og 6% af kr. 200.00 frá $1\frac{3}{4}$ 1937 til greiðsludags og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1938.

Nr. 15/1938. **Réttvísín** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Sigurjóni Kr. Jóhannessyni
(Eggert Claessen).

Dómur í sakamáli og málsmeðferð ómerkt vegna ófullkomins málatilbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Vegna kæru Ástráðs Guðmundssonar bifreiðarstjóra frá 8. febr. 1937 um óheimila sölu á sameignar-bifreið þeirra ákærða R. 692 var hafin rannsókn fyrir lögreglurétti Reykjavíkur þann 16. apríl s. á. Í lok þessarar rannsóknar sama dag var ákærða tilkynnt, að mál yrði höfðað gegn honum af hendi réttvísinnar „fyrir brot gegn 26. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. lög nr. 51/1928“. En þar á eftir varð samkomulag milli Ástráðs og ákærða um það, að ákærði skyldi greiða honum tiltekna upphæð fyrir hluta hans í bifreiðinni, og þann 26. apríl s. á. lýsti umboðsmaður Ástráðs yfir því, að hann félli frá öllum kröfum og kærum á hendur ákærða og óskaði þess, að málssóknin yrði látin falla niður.

En þegar ávísun sú á hendur Oddsteini Gíslasyni,